



Reykjavík, 25. apríl 2026

FAS26010009

Borgarráð

Vegna breytinga á framlögðum gögnum ársreiknings 2025

Vakin er athygli á því að ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 hefur verið uppfærður frá fyrri framlagningu í borgarráði þann 15. apríl sl. Eftir framlagningu og kynningu á drögum ársreiknings í borgarráði komu fram athugasemdir frá ytri endurskoðendum vegna annars vegar óbókfærðrar skuldar og hins vegar ofmats á virði fastafjármuna. Eftir yfirferð fjármála- og áhættustýringarsviðs á athugasemdum endurskoðenda var ákveðið að leiðrétta áður framlögð drög ársreikningsins. Þær leiðréttingar sem gerðar hafa verið eru eftirfarandi:

- Gjaldfærsla vegna óbókfærðrar skuldar sem nemur 450 m.kr. vegna beiðni Nýja Landspítalans o.hf. (NLSH) sem fram kom árið 2025 um uppgjör á grundvelli samnings Reykjavíkurborgar og íslenska ríkisins frá árinu 2004 sem felur í sér að Reykjavíkurborg taki þátt í uppbyggingu bílastæða og bílastæðahúsa innan lóða nýs landsspítala.
- Gjaldfærsla að fjárhæð 435 m.kr. vegna endurbóta á leikskólanum Brákarborg. Við endurskoðun varanlegra rekstrarfjármuna var það mat ytri endurskoðenda að um væri að ræða ofmat á stofnvirði leikskólans. Var í framhaldi af því ákveðin sérstök niðurfærsla (afskrift) á mannvirkinu sem nemur 435 m.kr.

Samanlagt nema viðbótar gjaldfærslur í ársreikningi A-hluta 885 m.kr. sem felur í sér að rekstrarniðurstaða breytist ásamt helstu kennitölum ársreiknings. Skýrslur og meðfylgandi gögn ársreiknings hafa verið uppfærð til samræmis.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs